



**Akraneskaupstaður**  
**b/t bæjarráðs**  
**Stíllholti 16-18**  
**300 Akranes**

Akranesi, 21. desember 2016

1605142 AÓ/sa

**Efni: Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun árið 2016, tímabilið ágúst til og með desember 2016.**

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. ágúst til og með desember 2016 auk þess sem tillaga er gerð um hækkun áfallinnar lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 105 mkr. sem er tilkomin vegna tryggingafræðilegra forsendna hjá LSS sem miðar útreikning fjárskuldbindingar vegna ársins 2016 við nóvember 2015 en ekki desember 2015 líkt og gert er hjá LSR. Einnig er gerð tillaga um að mæta auknum útgjöldum vegna veikinda að fjárhæð 14. mkr.

Á móti eru gerðar tillögur að hækkun á áætluðum tekjum í fjármagnsliðum að fjárhæð 60 mkr. meðal annars vegna aukinna arðgreiðslna.

Einnig eru settar fram tillögur sviðsstjóra og forstöðumanna um tilfærslur á milli deilda og innan deilda. Loks er tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða frá stjórn heimilisins, dags. 21. nóvember síðastliðinn sem hefur einnig áhrif á A- hluta fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar vegna uppgreiðslu á hlut Akraneskaupstað í lífeyrisskuldbindingum heimilisins að fjárhæð kr. 27 mkr.

Tillögurnar leiða af sér að rekstrarafkoma A – hluta lækkar úr 150.982 þús/kr í 66.634 þús/kr. eða um 84.348 þús/kr. Vegna tilfærslu lífeyrisskuldbindinga Höfða úr sjóðum Akraneskaupstaðar, sem verða yfirteknar af ríkinu sbr. samninga dags. 28. október og 19.



desember 2016, hækkar tekjuafgangur í samstæðunni úr 51.066 þús/kr í 1.003.068 þús/kr eða um 952.002 þús/kr.


**Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til hækkunar:**

- Hækkun á áfallinni lífeyriskuldbindingu um 105 m.kr.
- Úthlutað úr veikindapotti 42,2 m.kr. og var 28,2 m.kr. mætt úr óráðstöfuðum potti, eftirstöðvum um 14 m.kr. mætt með lækkun rekstrarafkomu.
- Áætluð um 27 m.kr. greiðsla á hlut Akraneskaupstaðar í uppgreiðslu vegna sammings við fjármálaráðuneytið vegna lífeyrisskuldbindingar Höfða.

**Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til lækkunar:**

- Áætlaðar tekjur af arði af hlutabréfum hækkaðar um 12,4 m.kr.
- Áætlaðar tekjur af arði af eignarhlutum hækkaðar um 14,6 m.kr.
- Áætlaðar tekjur af ábyrgðargjaldi hækkaðar um 12,9 m.kr.
- Áætlaðar vaxtatekjur voru hækkaðar um 11,0 m.kr.
- Áætlaður gengishagnaður um 10,0 m.kr.
- Handbært fé A – hluta hækkar um 24,9 m.kr. frá áður samþykktum viðauka nr. 2 dags. 9. september síðastliðinn og verður samtals 312.297 þús/kr.

Virðingarfyllst,



Steinar Adolffson,  
sviðsstjóri

**Fylgiskjöl:**

- Viðauki nr. 3, sundurliðun, tímabilið ágúst til og með desember 2016.
- Viðauki nr. 3 vegna breytinga á rekstri – sjóðstreymi – efnahag fyrir aðalsjóð, eignasjóð, fasteignafélag, Byggðasafn, Gámu og A-hluta og A og B - hluta.
- Viðauki nr. 3 vegna breytinga á málaflokkum og fjárfestingu.